

AUGLÝSING

um skiptingu kennslustunda milli námsgreina í 1.—9. bekk grunnskóla skólaárið 1977—1978.

	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.
Móðurmál	10	10	10	9	9	8	6*	5	5
Stærðfræði	4	4	4	4	5	5	5	5	5
Danska				3	3	3	3	4*	4
Enska						3	4*	4	4
Íþróttir ¹⁾	2	2	2	2	3	3	3	3	3
Áttthagafræði	3	4	4		5				
Kristinfræði			1	2	2	2	2*		
Saga, félagsfr. og landafræði				4	3	3	4*	4*	
Líffr., eðlis- og efnafræði				2	3	3	4	4	
Tónment	1	1	1	1	1	1	1	1	
Mynd- og handmennt			4	4	4	4	4	4	
Heimilisfræði ²⁾							2	1	
Valgreinar ³⁾								3*	12—16
	20	21	25	31	33	35	37	37	33—37

1) Við tilgreinda íþróttatíma bætist sund.

2) Gert er ráð fyrir að kennsla í heimilisfræði verði aukin um 1 st. í 7. bekk og 1 st. í 8. bekk frá því sem var skólaárið 1976—77. Þær stundir sem þarf til þessarar auknu kennslu verður að taka af öðrum greinum og er það á valdi skólustjóra og hlutaðeigandi kennara að ákveða þetta. Bent er á að mögulegt er að fækka um eina kennslustund í þeim greinum sem merktar eru með *. Þetta gildir um þá skóla sem hafa aðstöðu, hæði að því er varðar húnað og starfslið, til að taka upp kennslu í heimilisfræði.

3) Eftirfarandi ábendingar um valgreinar í 9. bekk gilda einnig fyrir 8. bekk.
Valgreinar í 9. bekk:

- a) Saga, félagsfræði og landafræði 4 stundir
- b) Líffræði, eðlis- og efnafræði 4 stundir
- c) Mynd- og handmennt 4 stundir
- d) Aðrar greinar 8 stundir

Í flokknum aðrar greinar eru m. a. þessar:

Kynning atvinnuvega,
viðskiptagreinar,
vélfraði,
heimilisfræði,
tækniteiknun,
handmennt,
tónmennt — hljóðfæraleikur — kórstarf.

Nemendur skulu velja annað hvort sögu, félagsfræði og landafræði 4 st. eða líffræði, eðlis- og efnafræði 4 st. Nemendur geta einnig valið báðar greinarnar, samtals 8 st. Þar að auki skulu þeir velja greinar skv. c- og d-lið 8 st. minnst og 12 st. mest.

Í valgreinum skal meðalfjöldi nemenda eigi vera lægri en 17 og í einstökum námshópum skulu eigi vera færri nemendur en 12.

- 4) Auk þeirra stunda sem tilgreindar eru í töflunni fær hver skóli kennarastundir til ráðstöfunar sem nemur einni vikustund á hverja 25 nemendur í hverjum aldursárgangi í 1.—8. bekk, að svo miklu leyti sem þær rúmast innan hámarksákvæða 9. gr. reglugerðar nr. 213/1975 um rekstrarkostnað grunnskóla. Þessar stundir eru ætlaðar til námsaðgreiningar t. d. með því að skipta bekkjardeild í kennslu þegar tilteknir námsþættir eru kenndir eða með frjálsum viðbótarnámi, hvorttveggja án þess að föst stundaskrá nemenda lengist fyrir vikið. Heimilt er skólastjóra, ef hann telur sérstakar ástæður koma til, að flytja hluta umræddra stunda milli aldursárganga.
- 5) Skólastjórar skulu gera áætlun um skiptistundir vegna valgreina í 8. og 9. bekk og fá hana samþykkt af hlutaðeigandi fræðslustjóra. Sama gildir um kennarastundir til ráðstöfunar sbr. 4. tölulið.

Menntamálaráðuneytið, 3. maí 1977.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

20. apríl 1977.

Nr. 185.

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir tilkynningar og skráningar vörumerkja o. fl.

1. gr.

Fyrir tilkynningu vörumerkis til skráningar skal greiða gjald kr. 3 000.00.

2. gr.

Fyrir beiðni um endurnýjun á skráningu vörumerkis skal greiða gjald kr. 3 000.00.

3. gr.

Fyrir skráningu vörumerkis og fyrir endurnýjun skráningar skal greiða gjald kr. 1 300.00 fyrir hvern flokk, sem samþykktur er til skráningar eða endurnýjunar merkisins.

4. gr.

Fyrir innritun í vörumerkjaskrá greiðist gjald kr. 1 000.00.

5. gr.

Fyrir útskrift eða staðfest myndrit úr vörumerkjaskrá og fyrir tilkynningar greiðist gjald kr. 500.00.

Fyrir rannsókn á því hvort vörumerki sé skrásett, skal greiða gjald, kr. 500.00 fyrir hvern flokk, sem rannsóknin nær til.

6. gr.

Fyrir tilkynningu gæðamerkis til skráningar skal greiða gjald kr. 7 500.00.

7. gr.

Gjöld samkv. 1., 2. og 6. gr. reglugerðarinnar skulu ekki endurgreidd, þótt um skráningu eða endurnýjun sé synjað, eða tilkynning eða beiðni sé afturkölluð.